

Umhverfisstofnun,
Svava Pétursdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. desember 2016
2016120009/42-7
KJ, TB
jgo/tb

Rannsóknir, Teigarhorn og Blábjörg, umsögn

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 9. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Andrew Jacobson, f.h. Northwestern University, um leyfi til rannsókna innan Teigarhorns og Blábjarga. Óskað er eftir leyfi til að taka steinasýni, þ.m.t. geislasteina innan Teigarhorns. Um er að ræða í allt fjögur sýni á stærð við lófa manns. Óskað er eftir því að nota hamar og meitil til að fjarlægja sýnin sé þess þörf. Ekki er víst að taka þurfi sýni innan verndarsvæðanna.

Náttúrufræðistofnun getur fallist á að framangreint leyfi sé veitt en mundi kjósa að sýnum væri safnað utan friðlýstra svæða og að teknir séu lausir steinar, ef það hefur ekki áhrif á rannsóknina, ef farið er inn á friðlýst svæði. Náttúrufræðistofnun vill benda á að í friðlýsingu Teigarhorns, 2. gr. auglýsingar nr. 417/2013, er gert ráð fyrir að tryggja möguleika á rannsóknum á svæðinu en slíkt ákvæði er ekki að finna í auglýsingu fyrir Blábjörg. Gera má ráð fyrir að rannsókn af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir hafi ekki áhrif á verndargildi fyrrgreindra svæða. Einnig vill Náttúrufræðistofnun sérstaklega taka fram að umsögn stofnunarinnar er ekki fordæmisgefandi fyrir umsóknir almennt um rannsóknir á þessum svæðum heldur þarf að meta hvert mál fyrir sig. Náttúrufræðistofnun gerir ráð fyrir að verði leyfið veitt þá fari sýnataka fram undir eftirliti landvarða. Jafnframt bendir stofnunin á að sækja þarf um útflutningsleyfi fyrir náttúrugripum, sjá http://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/ni_eydublad_application_exportpermit_v01.pdf.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

